

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 11. maí 2021
Mnr. 2020110080



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Framkvæmd

Svo unnt sé að nýta það efni sem fellur til við uppdælingu vegna framkvæmda við Sundabakka, þá þarf að gera breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem gera þarf grein fyrir landfyllingu og landnotkun. Nú líður senn að því að niðurnegling stálþilja hefjist og til þess að unnt sé að nýta umframefni þá er æskilegast að gera sérbreytingu á núgildandi skipulagi, að öðrum kosti verði tímamörkum verkefnis ekki náð.

Gera má ráð fyrir að aðalskipulagsbreyting geti veri 6 mánuðir þ.e. vinnsla, umsagnir og auglýsingaferli. Mögulegur kostnaður við tillögu getur numið 2 m. kr., samhliða þarf að vinna tilkynningu vegna framkvæmdar til Skipulagsstofnunar, og skal liggja fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út áætla má kostnað vegna tilkynningar sé um 2 m þ.e. c.a. 100-150 tímar.

Lagt er til við nefnd að vísa til bæjarstjórnar erindi, þar sem óskað er eftir heimild til breytinga á skipulagi vegna landfyllingar og senda inn tilkynningu vegna framkvæmdar á skipulagsstofnun. Jafnframt að heimila gerð viðauka vegna verksins.